



314. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn á Teams fimmtudaginn 7. október 2021 kl. 16.00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Ásdís Hjálmsdóttir Annerud, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Líney Rut Halldórsdóttir ráðgjafi, Andri Stefánsson starfandi framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll: Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti og Knútur G. Hauksson.

Dagskrá:

1. Málafni KSÍ

Forseti fór yfir stöðuna. Vel hefur verið fylgst með framvindu mála.

Forseti og starfandi framkvæmdastjóri sóttu á aukabing KSÍ 2. október ásamt fleiri meðlimum framkvæmdastjórnar. Stjórn og formaður voru sjálfkjörin. Vanda Sigurgeirsdóttir er nýr formaður KSÍ og er hún fyrsti kvenkyns formaður sambandsins. Hún er einnig fyrsti kvenkyns formaður aðildarsambands UEFA.

Forseti og starfandi framkvæmdastjóri funduðu með formanni og framkvæmdastjóra KSÍ í gær og fóru yfir málin.

Eins og fram kom á síðasta fundi stjórnar þá fór KSÍ þess á leit við ÍSÍ að setja á stofn nefnd til að gera úttekt á viðbrögðum og málsmeðferð KSÍ vegna kynferðisofbeldismála sem tengst hafa leikmönnum í karlalandsliði Íslands.

Úttektarnefndar ÍSÍ hefur nú verið formlega skipuð. Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari, Hafrún Kristjánsdóttir sálfræðingur og Rán Ingvarsdóttir lögfræðingur skipa nefndina. Nefndin hefur þegar hafið störf og er ætlað að ljúka störfum eigi síðar en í nóvember nk. Nefndin mun skila niðurstöðum af sér til framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

Úttektarnefnd ÍSÍ er sjálfstæð og óháð í störfum sínum. KSÍ ábyrgist að nefndin fái aðgang að öllum þeim gögnum sem það hefur með höndum.

Forseti fór yfir helstu verkefni nefndarinnar.

2. Starfshópur ÍSÍ um verkferla, vinnubrögð og viðmið

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir skýrði frá stöðu mála. Hópurinn mun ekki ná að skila af sér fyrir þingið en Kolbrún Hrund mun halda stutta kynningu um störf nefndarinnar á þinginu. Stefnt er að því að setja fram tillögu að ályktun fyrir þingið.

Í framhaldi af þingnefndarstörfum og afgreiðslu þingsins þá verður farið í þá vinnu að forma regluverkið og verkferla.

3. Framhaldsþing ÍSÍ

Starfandi framkvæmdastjóri fór yfir helstu atriði varðandi framhaldsþing 75. Íþróttþings ÍSÍ sem haldið verður í Gullhömrum Grafarholti laugardaginn 9. október nk. Þingsetning verður kl. 13:00. Allir þingfulltrúar og gestir þurfa að fara í hraðpróf.

Farið var yfir þær tillögur sem lagðar verða fram á þinginu. Forseti hvatti stjórnarfolk til að taka þátt í starfi þingnefnda síðdegis föstudaginn 8. október.

Úlfur H. Hróbjartsson og Viðar Garðarsson skýrðu frá samþykkt ársþings ÍBR varðandi rafíþróttir og umræðum þar að lútandi. Almennar umræður urðu um efnið.

Samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs verður með erindi á þinginu og einnig Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir.

Tilnefnt verður í Heiðurshöll ÍSÍ við þingsetningu að viðstöddum ættingjum viðkomandi.

Kosnir verða Heiðursfélagar ÍSÍ og einnig verða ýmsar heiðursviðurkenningar afhentar.

ÍSÍ býður til kvöldverðar og skemmtunar í Gullhömrum að loknu þingi. Freyr Eyjólfsson verður veislustjóri og skemmtikraftur og hljómsveit hússins mun spila fyrir dansi.

4. Málefni COVID-19

Líney Rut Halldórsdóttir ráðgjafi fór yfir stöðu mála. Engar afléttingar verða næstu tvær vikurnar.

Starfandi framkvæmdastjóri greindi frá tveimur útistandandi erindum varðandi úthlutanir á styrkjum vegna COVID-19, annars vegar frá Knattspyrnufélaginu Fram og hins vegar frá Íþróttafélaginu Þór, Akureyri.

Með hliðsjón af upplýsingum sem fram koma í erindi Þórs þá var samþykkt að óska eftir aðstoð ÍBA við að úrskurða um gildi iðkendatalna stóru félaganna á Akureyri í skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ.

5. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fyrir og staðfestar:

- 313. fundur framkvæmdastjórnar
- 114., 115. og 116. fundur Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ
- 3. fundur laganefndar. Tillögur laganefndar samþykktar nema í 5. og 6. tölulið fundargerðarinnar. Samþykkt að hafna viðkomandi lögum og óska eftir því að þau verði lagfærð með hliðsjón af athugasemdum laganefndar áður en hægt verður að taka þau til afgreiðslu hjá framkvæmdastjórn ÍSÍ.

6. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

7. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir eru áætlaðir 28. október og 18. nóvember nk.

Samþykkt að kynna á framhaldsþingi ÍSÍ að ekki verði um hefðbundinn Formannafund ÍSÍ að ræða þetta árið, vegna nálægðar við þingið, heldur verði Fjármálaráðstefna ÍSÍ haldin í staðin.

8. Önnur mál

Tekin fyrir önnur mál sem lágu fyrir fundinum.

- **Forvarnardagur forseta Íslands**

Starfandi framkvæmdastjóri skýrði frá Forvarnardegi forseta Íslands sem fram fór 6. október sl. Hann sótti bæði blaðamannafund vegna dagsins og fylgdi einnig forseta Íslands í heimsókn í Laugalækjarskóla.

- **Áskorun norrænna ráðherra íþróttamála til Alþjóðahandknattleikssambandsins**

Lagt fram afrit af áskorun norrænna ráðherra íþróttamála til Alþjóðahandknattleikssambandsins (IHF) varðandi búninga í strandhandknattleik. Gerðar eru kröfur af hálfu IHF um efnislitla búninga sem ekki samræmast nútímanum. Norska liðið neitaði að vera í slíkum búningum í alþjóðlegu móti í strandhandknattleik og hlaut sekt fyrir.

- **Bréf KKÍ**

Lagt fram erindi frá Körfuknattleikssambandi Íslandi þar sem fram kemur að sambandinu var að berast bréf frá FIBA þar sem tilkynnt er að FIBA veitir ekki undanþágu til annars mannvirkis en Laugardalshallar á Íslandi vegna heimaleikja í undankeppni HM. Þar sem Laugardalshöll er sem stendur ónothæf vegna viðgerða á gólfi þá er ljóst að Ísland missir heimaleiki í keppninni vegna aðstöðuleysis.

- **Andlát Jacques Rogge, fyrrum forseta IOC**

Jacques Rogge, fyrrum forseti IOC, lést 29. ágúst sl. 79 ára gamall. ÍSÍ sendi samúðarkveðjur til IOC og aðstandenda Rogge.

- **Stofnþing Klifursambands Íslands 27. september sl.**

Stofnþing Klifursambands Íslands fór fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal mánudaginn 27. september sl. Þingið tókst mjög vel. Manuela Magnúsdóttir var kjörin fyrsti formaður sambandsins. Íþróttagreinin er í örum vexti og mikill sóknarhugur í nýja sambandinu.

- **Fjarfundur með forseta IOC**

Forseti skýrði frá fjarfundi Thomas Bach, forseta IOC, með ólympíunefndum heims, sem hann og Líney Rut sátu. Á fundinum var farið yfir undirbúning og öryggisráðstafanir varðandi ÓL í Peking. The Playbook, leiðbeiningarit leikanna, verður gefið út í lok október og þá skýrast ýmsir hlutir varðandi undirbúning og framkvæmd leikanna.

- **Lyfjaeftirlit Íslands (LÍ) – aðalfundur**

Aðalfundur LÍ var haldinn 30. september sl. í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Á fundinum voru samþykktar breytingar á stjórn Lyfjaeftirlits Íslands. Erna Sigríður Sigurðardóttir mun gegna formannsembættinu næstu þrjú árin. Áslaug

Sigurjónsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu og Pétur Sigurður Gunnarsson tók hennar sæti.

Stjórn Lyfjaeftirlits Íslands er a.ð öðru leyti óbreytt en hana skipa nú Erna Sigríður Sigurðardóttir (formaður), Pétur Sigurður Gunnarsson, Helgi Freyr Kristinsson og Skúli Skúlason. Varamenn eru Pétur Magnússon og Sif Jónsdóttir.

Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti og Andri Stefánsson starfandi framkvæmdastjóri sátu fundinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari